

## **Hans Guðni Magnússon**



*Hans Guðni Magnússon er fæddur árið 1945, sonur hjónanna Hrefnu Magnúsdóttur frá Langabotni í Geirþjófsfirði og Magnúsar Guðnasonar húsmiðs í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð. Hans lærði rennismíði í vélsmiðjunni Þrymi í Reykjavík og vann þar nokkur ár eftir að námi lauk. Eins vann hann í Svíþjóð í 5 ár við rennismíði o.fl. Hans rak eigið járnsmiðaverkstæði í 30 ár en nú er tengdasonur hans tekinn við fyrirtækinu. Þegar Hans flutti aftur í Fljótshlíðina keypti hann íbúðarhús foreldra sinna að Kirkjulækjarkoti. Hans á ýmsar minningar frá heimsóknum í Múlakot á fyrri tíð.*

### **Alltaf sport að koma í Múlakot**

„Maður fór voða oft inn í Múlakot, það var svona sport að fara í sunnudagsbíltúr á Víponinum þangað inneftir,“ rifjar Hans upp, en í Kirkjulækjarkoti var til Dodge Weapon jeppi. Þar var hvítasunnusöfnuðurinn þá kominn með aðsetur. „Þetta var kallaður safnaðarbíllinn, Víponinn gamli, jeppi eins og þeir voru með hjá hernum, með framhjóladrifi og svoleiðis. Við fórum bara fjölskyldan, öll átta saman.“

#### **Mögnuð blóm í garðinum**

Garðurinn vakti sannarlega athygli hjá Hans eins og öðrum. „Manni fannst svo magnað að skoða blómin, mér fundust blómin vera eiginlega alveg yfirnáttúruleg, svona flott blóm og allavega lit, og meira að segja með öðru vísi litum inni í. Þetta var í rauninni einstakt fyrir landið, þetta var eini skrudgarðurinn á landinu sem var svona úti í dreifbýlinu.“

„Við fengum okkur nú ekki alltaf kaffi, en þegar við vorum orðnir aðeins eldri fórum ég og Veddi [Viðar Pálsson á Hlíðarbóli í Fljótshlíð] á bíl þarna inneftir og keyptum okkur kaffi og með því í borðsalnum. Mig minnir að það hafi verið randalína í boði með kaffinu. Við þóttumst vera ókunnugir staðnum og vorum að spyrja aðra gesti hvernig veðrið væri nú

þarna í Fljótshlíðinni, og þeir sögðu að það væri alveg einstakt, einstök veðurblíða og við hlógum að þessu. Það var alltaf sport að koma í Múlakot!“ segir Hans og hlær. „Það var ekki margt fólk þá í salnum, tvönn hjón sennilega sem voru þarna þar sem við komum ekki á neinum matartíma. Svo var einhver sem spurði loks hvar við byggjum og þá viðurkenndum við það, „jah, við eigum heima hér í Fljótshlíðinni!““

„Ég man svo vel eftir lysthúsinu sem krakki. Þá fór maður alltaf þangað inn, þetta var svo merkilegt að sjá hríslu upp úr gólfinu. Þá var hætt að nota þetta sem lysthús, þetta var bara hús úti í garði þá, eftir að Guðbjörg var dáin. Svo óx þessi hrísla þarna upp, kom bara svona rótarskot, og hún óx alveg upp í loft. Manni fannst þetta alveg óskaplega merkilegt sem krakka, sjá þarna hríslu þarna inni í húsi,“ rifjar Hans upp.

„Ég þekkti Reyni, hann var svolítið sérstakur en ágætis kall. Ég kynntist voða lítið systrunum, Lillý og Fjólu. Það var gluggi þarna, sjoppa, eins og bílalúga og maður keypti þar af Lillý. Fjóla var mikið verr á sig komin.“

### **Miklu skipti að beisla fljótið**

Hans segir miklu hafa skipt fyrir byggðina í Fljótshlíð að tókst að byggja varnargarða og bægja Markarfljóti og Þverá frá. „Þetta vatn, sem sótti á þarna í innhlíðinni, það braut úr landi Hlíðarendakots og allra bæjanna þarna inni í hlíð. Þá var akvegurinn miklu ofar í hlíðinni, og hann sést enn þá þessi vegur, hangir utan í brekkunni. Þegar var verið að fara þarna inneftir þá var mamma að tala um að það væri svo hræðilegt að fara eftir þessum vegi af því að hann væri svo brattur,“ lýsir Hans.

„Svo var farið að teppa fyrir, að veita vatninu í suður. Það var í fyrstu gert með hjólbörum og hestum. Margir bændur komu með hjólbörur að keyra þarna inneftir og hella úr þeim, en það dugði skammt þar sem þetta er svo kraftmikið fljót. Þetta var gríðarmikið vatn sem rann hérna og náði að renna alla leið í Þjórsá á tímabili, fór þá í Djúpósinn hjá Þykkvabæ, þar er hægt að sjá bakkann enn þá. Þetta var víst besta sjóbirtingssvæði í heimi, mikil fiskgengd í þessu og risastórir fiskar. Það hefur sannarlega margt breyst síðan og loks var vegurinn lagður niðri á aurunum eftir að varnargarðarnir komu,“ segir Hans.

Ferðir í Þórsmörk urðu sífellt algengari á þessum tíma, þá oftast á hestum. „Sigurður Tómasson oddviti bjó á Barkarstöðum, hann var skemmtilega lyginn. Það var samtál við hann í útvarpinu einu sinni um ferðir inn í Þórsmörk, og hann sagðist hafa séð eftir mönnum þarna upp yfir strauminn og svo hefðu hestarnir farið á flot og aðeins sést í hófana á þeim!“ lýsir Hans og hlær.

### **Rútan mikið notuð**

„Valdi frændi, hann var bróðir afa míns, keyrði rútna í Múlakot, og hann fór alltaf í Ríkið fyrir bændurna hérna. Ef það var eitthvað um að vera, átti að vera þorablót eða eitthvað svoleiðis, þá fékk hann alltaf toll við hvern brúsapall. Loks þegar hann kom inn í Múlakot þá var hann stundum bara alveg búinn! Þá var hann búinn að fá nokkrum of mikið. Valdi var voða hress kall,“ lýsir Hans.

Margir nýttu sér rútuferðirnar á þessum tíma. „Það voru ferðir daglega þá, og fólk notaði þetta heilmikið. Það virðist hafa verið nóg af fólki til að hafa rútna svona oft enda áttu mjög fáir bíl, og svo að taka pakka og póst og fleira. Þetta gekk í voða mörg ár, og ef maður fylgdist með rútnunni þá vissi maður hvað klukkan var.“

„Ég fór með rútnunni eitthvað tvisvar, þrisvar í bæinn. Þegar ég fór fyrst í bæinn, 16 ára gamall að fara að vinna, vildi ég fara að vinna og eiga einhvern pening sjálfur, og þá fór ég að vinna í Ísbirninum, var þar í tvo eða þrjá mánuði. Það var erfitt fyrst að byrja og vakna á morgnana, en allt vandist þetta,“ rifjar Hans upp.

### **Óli hafði næmt auga fyrir litunum í náttúrunni**

Hans kynntist Ólafi Túbals lauslega, en hann var orðinn fullorðinn maður. „Ég man þegar hann var hér heima að mála, hann var hér upp á brekkubrúninni og málaði. Myndin sem hann málaði þá hangir nú í Goðalandi, það er grá stífla og rör og rennur vatn út úr rörinu. Núna er þessi stífla og allt horfið í burtu, tímans tönn er búin að vinna á þessu,“ útskýrir Hans.

„Óli málaði margar flottar myndir, meðal annars af Fljótshlíðarveginum í áttina að Sámsstöðum, og sumar mjög skemmtilegar og flottir litir í þeim. Hann hefur haft svona innsæi í litina á grasinu þannig að þegar punturinn roðnar kemur það fram í myndinni. Hann var kannski ekki jafn frægur eins og hann var næmur. Það var fullt af listamönnum sem komu þarna í heimsókn inneftir og dvöldu þarna lengi, Ásgrímur og fleiri, og máluðu Múlakotsbæinn líka,“ segir Hans að lokum.



*Hans gaf hliðinu að Guðbjargargarði andlitslyftingu sumarið 2018*